

20. fundur Eiríksstaðanefndar haldinn 8. júní 2021 í Vínlandssetrinu í Búðardal

Lokafundur

Mætt voru Rögnvaldur Guðmundsson formaður, Þuríður Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð, Kjartan Ragnarsson, Kristján Sturluson sveitarstjóri og Jóhanna M Sigmundsdóttir verkefnastjóri. Einnig sátu fundinn fulltrúar rekstraraðila Vínlandsseturs, Bjarnheiður Jóhannsdóttir og Reynir Guðbrandsson. Örnólfur Thorsson og Sigríður M Guðmundsdóttir boðuðu forföll.

Rögnvaldur Guðmundsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Í upphafi fundar var látins félaga minnst, Svavars Gestssonar fyrrum alþingismanns og ráðherra. Svavar var lykilmaður í fjármögnun Vínlandsseturs.

1. Fjármögnun verkefnisins

Kristján Sturluson fór yfir stöðu fjármögnunar. Fjármögnun Vínlandsseturs er lokið og Eiríksstaðanefnd (hin síðari) sem skipuð var í mars 2016 hefur þar með lokið verkefni sínu.

2. Rekstur staðarins

Sumarið 2020 var gott þrátt fyrir Covid en einungis var opið í tvo mánuði, fram í byrjun september. Góð umfjöllun var innanlands og hafði það mikið að segja. Vínlandssetur opnaði aftur 1. júní síðastliðinn og eru þar nú þrír starfsmenn.

3. Kynningarefni og markaðsmál

Verið er að vinna almennt kynningarefni og efni um listamennina sem eiga verk á sýningunni. Þá er verið að skipuleggja viðburði sem verða í húsinu í sumar. Ýmislegt fleira er á döfinni.

4. Önnur mál

Jóhanna M Sigmundsdóttir hefur unnið skýrslu um verkefnið í samvinnu við Eiríksstaðanefnd. Sú samantekt er um leið lokaskýrsla nefndarinnar um verkefnið.

Formaður þakkaði nefndarmönnum, sveitarstjórum, ferðamálafulltrúum, ráðgjöfum og öðrum sem að starfi nefndarinnar komu fyrir góða vinnu og mjög ánægjulegt samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00.